

## Stjórnarfundur STEFs 27. janúar 2023 / Fundargerð - útdráttur

Í samkomusal STEFs á Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 27. janúar 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson, Þuríður Jónsdóttir og Sigurður Flosason. Forföll höfðu boðað þær Þórunn Gréta Sigurðardóttir og Sigríður Thorlacius, en því miður gátu varmenn þeirra ekki mætt. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 13. desember 2022 svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.

Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 14. desember 2022 var einnig lögð fram til upplýsingar og engar athugasemdir komu fram vegna hennar.

2. Yfirlit starfsemi skirfstofu STEFs frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Rafrænt fréttabréf STEFs.
- b) Erindi FÍLD til STEFs v. listdanskóla.
- c) Greinargerð RÚV v. kröfu STEFs fyrir úrskurðarnefnd.
- d) Kynjagreiðing STEFs 2022.
- e) Yfirlit yfir tekjur frá NMP á árinu 2022.
- f) Bréf STEFs til Símans v. SVOD-uppgjör.
- g) Verðlaunaflokkar ÍTV.

Auk þeirra atriða sem fram komu í yfirlitinu vakti framkvæmdastjóri athygli á því, að verið væri að endurnýja samning STEFs við mbl.is. Þá fór einnig fram umræða um hugsanlegt húsnæði nýrrar Tónlistarmiðstöðvar.

Einnig fór fram nokkur umræða um stöðu *Ferðasjóðs* í ljósi neikvæðrar raunávöxtunar á árinu 2022. Ákveðið var að úthlutun á árinu 2023 yrði engu að síður með eðlilegum hætti, en vonast er til að sú styrking sem höfuðstóll sjóðsins fékk á síðasta ári muni með tímanum jafna út þetta tap.

Einnig fór fram nokkur umræða um kynjagreiðingu STEFs. Í því sambandi var nefnt að áhugavert væri að sjá hvort yngri kvenhöfundar væru almennt að gefa eftir of stóran hluta af höfundarétti sínum til þá oftast karlkyns upptökustjóra. Nefnt var að jafnréttisnefnd STEFs hafi fundað og skoðað þessa tölfræði og að í vinnslu sé frekari greining á þessum tölum, s.s. að skoða greiningu á mismunandi notkun tónlistar út frá kynjum.

Þá var nefnt að á síðasta ári gengu 283 nýir meðlimir til liðs við STEF og hefur fjöldi nýrra meðlima verið nokkuð stöðugur nálægt þessari tölu á síðustu árum. Í þessu sambandi væri áhugavert að skoða hvað verður um alla þessa nýju meðlimi. Hversu margir t.d. halda áfram og verða virkir tónhöfundar?

Enn fremur varð nokkur umræða um breytingar á verðlaunaflokkum Íslensku tónlistarverðlaunanna, en stjórn *Samtóns* tók þá ákvörðun, að höfðu samráði við aðildarfélög sín, að fækka flokkum verulega. Sérstaklega var kallað eftir að hafa verðlaunaflokk fyrir lagahöfund og textahöfund ársins. Nefnt var að hugsunin væri sú, að verðlaunaflokkurinn lag/verk ársins ætti að verða verðlaun til lagahöfundar og textahöfundar, svo og að lagahöfundum yrði gert hærra undir höfði í flokkunum plata ársins. Þá kom

einnig fram það sjónarmið, að í flokki djass væri eðlilegra að vera með höfund ársins, heldur en verk ársins, en á móti væri spurning hvort þörf væri á sérstökum verðlaunum fyrir djasssöng, sem sé einungis lítil hluti af útgefnum djassverkum á ári hverju. Munu fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns kynna þessi sjónarmið innan Samtóns.

3. Stefnumótun STEFs – vörumerkjavitund og framsetning á samfélagsmiðlum

Lagt fram tilboð frá *Slowstudio*, ásamt fjárhagsáætlun frá skrifstofu STEFs.

Ákveðið var að stjórn færi í þessa vinnu og var tekinn frá tími til þess. Enn fremur var samþykkt fjárhagsáætlun til að standa straum að kostnaði bæði við ráðgjöf, birtingar og gerð kynningar myndbanda.

4. Ákvörðun Langspilshafa 2023.

Lagður var fram listi með nokkrum nöfnum sem til greina koma og ákveðið að veita einum aðila af þessum lista verðlaunin vorið 2023.

5. Framlenging verðskrár fyrir streymi á tónleikum.

Þegar streymi á tónleikum jókst mikið undir heimsfaraldrinum samþykkti stjórn STEFs til bráðabirgða lægri verðskrá fyrir streymi á tónleikum en fyrir almennt streymi á tónlist. Var þessi tímabundna verðskrá framlengd einu sinni í takmarkaðan tíma. Nú er komin nokkuð góð reynsla á þessa verðskrá og telur STEF að þau verð sem þar eru séu eðlileg og sanngjörn. Er því ákveðið að verðskráin verði í gildi ótímabundið þangað til annað verður ákveðið.

Í tengslum við þetta mál kom fram, að streymi á útförum, sem hófst í heimsfaraldrinum, hafi haldist áfram þrátt fyrir að samkomutakmarkanir séu fyrir löngu ekki lengur við lýði. Streymið er einnig tekið upp og getur verið opið á netinu í ótakmarkaðan tíma. Ekki virðist tíðkast að semja sérstaklega við flytjendur um leyfi fyrir slíku streymi og þá gerir samningur STEFs við kirkjuna vegna útfara ekki sérstaklega ráð fyrir slíku streymi. Er framkvæmdastjóra falið að ræða þetta mál við FÍH.

Annað atriði er tengist tónleikahaldi var einnig rætt, en það snérist að innheimtu STEFs fyrir SFH vegna spilunar hljóðrita á tónleikum. Ekki virðist vera fyrir hendi möguleiki á að skila upplýsingum til SFH vegna slíkrar spilunar, til þess að auðvelda úthlutun þessa fjár til réttra aðila. Er framkvæmdastjóra falið að benda SFH á þetta atriði.

6. Önnur mál

- a) Beiðni um styrk vegna gerð kvikmyndar um Þóri Baldursson var lögð fram. Ákveðið var að veita kvikmyndinni vilyrði um styrk að fjárhæð kr. 500 þúsund, með þeim fyrirvara að sýnt verði fram á að myndin sé fullfjármögnuð.
- b) Rætt var um hugsanlega heiðursverðlaunahafa STEFs á árinu. Ákveðið var að veita Agli Ólafssyni heiðursverðlaun STEFs á útgáfutónleikum hans, sem haldnir verða þann 18. febrúar í Háskólabíói.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.

**STEF – THE COMPOSERS' RIGHTS SOCIETY OF ICELAND**

Laufásvegur 40 / 101 Reykjavík / Iceland

Tel.: +354 561 6173